

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08.11.2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf., 56. mál**

Að mati Skjásins er tímabært að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið (RÚV) og endurmeta hlutverk ríkisins í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Breytt rekstrarform RÚV er stofnuninni nauðsynlegt til að sinna því sem ætti að vera sértækt hlutverk sem útvarp í almannajónustu.

Leggja ber áherslu á að útvarpsrekstur er atvinnustarfsemi sem hverjum og einum er frjálst að stunda sem hefur til þess tilskilin leyfi. Lög sem um slíka starfsemi gilda þurfa því að vera almenns eðlis og laus við mismunun sem ekki á sér málefnalegar forsendur. Að mati Skjásins uppfyllir umrætt frumvarp engan veginn þessi skilyrði.

**Um skilgreiningu á útvarpi í almannabágu**

Skilgreining á útvarpi í almannabágu er engin í frumvarpinu. Hlutverk útvarps í almannabágu er skilgreint í 13 tölusettum liðum þar sem finna má setningar á borð við “að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri” og “að framleiða og dreifa hverskonar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á svið fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar.”. Það ætti að vera öllum ljóst sem lesa slíkan texta að Ríkisútvarpinu verður gert kleift að keppa á öllum vígstöðvum ljósvakamiðlunar í skjóli ríkisstyrkja.

**Um tekjustofna Ríkisútvarpsins**

Í greinum um tekjur Ríkisútvarpsins er gert ráð fyrir að tekjustofnar verði tveir. Í fyrsta lagi nefskattur og í öðru lagi auglýsingatekjur. Athugasemdir Skjásins snúa aðallega að auglýsingatekjum. Það er með öllu óásættanlegt að ríkisstofnun rekin af skattfé sé í fullri samkeppni við einkaaðila í sölu á auglýsingum. Ef ekki er pólitískur vilji til að draga RÚV alfarið af auglýsingamarkaði ber að lágmarki að setja fram mun skýrari löggjöf um hvernig skal staðið að sölu auglýsinga og kostana. Þessi athugasemd er sett fram sökum þess að þó svo að í núgildandi lögum se kveðið á um að auglýsingagjaldskrá RÚV sé opinber og staðfest af útvarpsstjóra þá tíðkast í miklu magni að gefinn sé allt að 40% afsláttur til auglýsenda, krossselt á milli útvarps og sjónvarps, sala tengd árangri o.s.v.frv. Slík markaðshegðan ríkisstofnunar er með öllu óþolandi fyrir samkeppnisaðila í einkarekstri án ríkisstyrkja.

### **Um samning um útvarpsþjónustu í almannabágu**

Samhliða frumvarpinu hafa verið birt drög að samningi um útvarpsþjónustu í almannabágu. Þeim samningi er líklega ætlað að skilgreina nánar starfsvettvang RÚV en því miður er um afskaplega almennt plagg að ræða. Besta dæmið er ákvæði um nýsköpun í dagskrárgerð þar sem sett eru fram háleit markmið um að RÚV skuli styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með kaupum á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum að upphæð að lágmarki 150 mkr. árið 2008. *Skjár Einn varði meira en þeirri upphæð í kaup á innlendu dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum á síðustu 12 mánuðum og það án allra ríkisstyrkja!* Fleiri orð þarf ekki að hafa um þjónustusamninginn.


### **Um þenslustefnu Ríkisútvarpsins**

Frumvarpið og þjónustusamningurinn kveða á um að Ríkisútvarpið reki “að minnsta kosti” tvær hljóðvarpsdagskrár og eina sjónvarpsdagskrá auk svæðisútvarps. Þetta er algerlega óskiljanleg heimild til aukinna umsvifa og ætti miklu frekar að vera hámarksheimild til starfseminnar. Þessi heimild til aukinna umsvifa er Skjánum sérstakt áhyggjuefni í ljósi orða forráðamanna RÚV um að íþróttum verði mögulega sinnt í framtíðinni án þess að þær rekist á aðra dagskrá svo sem fréttir. Ætlar Alþingi árið 2006 að standa að stofnun Íþróttarásar ríkisins?

### **Niðurstaða**

Skjárinn getur ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd og telur með öllu óþolandi að ríkisstofnun sé veitt nær 3. milljarða forskot á hörðum samkeppnismarkaði. Verði frumvarpið samþykkt mun það leiða til yfirburðastöðu Ríkisútvarpsins í samanburði við hina frjálstu miðla.

Virðingarfyllst,  
f.h. Skjásins

  
Magnús Ragnarsson  
framkvæmdastjóri